Land og skógur

Hr. Eiríkur Vilhelm Sigurðarson

Sveitarstjóri Rangárþings ytra

Gunnarsholti, 25. september 2026

Efni: Uppsögn afnotasamnings

Með afnotasamningi, rafrænt undirrituðum 3. júní 2024, gerðu Land og skógur kt. 671123-0850, Gunnarsholti, 851 Hellu og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu með sér samning um afnot 663 hektara landsspildu úr landi Geldingalækjar (Geldingarlækjarheiði), Rangárþingi ytra, til sauðfjárbeitar.

Gildistími tilvitnaðs samnings er frá 1. júní 2024 til 30. september 2028 en þó er á samningstímanum unnt að segja honum upp með 6 mánaða fyrirvara, sbr. 8. gr.

Markmið samningsins er að draga úr beit á Rangárvallaafrétti. Upprekstrarhöfum hefur þannig staðið til boða að beita land á Geldingalækjarheiði og hlífa þar með afréttinum.

Afnotahafa ber að halda girðingunni umhverfis beitarlandið við á sinn kostnað þannig að sauðfé sleppi ekki út úr girðingunni. Sleppi fé úr girðingunni skal afnotahafi gera tafarlausar ráðstafanir til að handsama það. Þrátt fyrir að afnotahafa sé heimilt að framselja viðhaldsskyldu girðingarinnar til þess eða þeirra upprekstrarhafa er nýta landi er endanleg ábyrgð á að staðið sé að þessu atriði á fullnægjandi hátt ávallt á herðum Rangárþings ytra. Um þessi artiði vísast til 3. gr. samningsins.

Þrátt fyrir ofangreindar skyldur um viðhald girðinga og að fé sem sleppur úr girðingu skuli tafarlaust handsamað hafa undanfarin ár verið talsvert mikil brögð að því að fé gangi laust utan girðingarinnar. Vegna þessa ágangs hefur ítrekað verð kvartað sem og að fundir hafa verið haldnir með afnotahafa (Rangárþingi ytra).

Nú sýnist ljóst að kvartanir og fundarhöld hafa litlu sem engi skilað. Sauðfé sem úr girðingunni sleppur gengur þar með á landi í næsta nágrenni, m.a. landi þar sem unnið er að því að koma upp skógi og veldur þar, að líkindum, tjóni.

Í ljósi alls ofangreinds er það mat undirritaðs að afnotasamningur aðila hafi ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Í samræmi við ákvæði 8. gr. ofangreinds afnotasamnings segir Land og skógur afnotasamningi um Geldingarlækjarheiði upp með 6 mánaða uppsagnarfresti frá næstu mánaðarmótum að telja. Samningurinn telst þannig úr gildi fallinn þann 1. apríl 2027.

Þess er óskað að Rangárþing ytra upplýsi alla þá er nýtt hafa Geldingarlækjarheiðina um uppsögn þessa þannig að tryggt sé að svæðið verði ekki nýtt næsta sumar með sama hætti og undanfarin ár.

F.h Lands og skógar

Ágúst Sigurðsson,
forstöðumaður.